



**LJÓSTÆKNIFÉLAG  
ÍSLANDS**

LANDSNEFND ÍSLANDS Í GIE

## Skýrsla stjórnar

### um starfsemi félagsins 2000-2001

Aðalfundur Ljóstæknifélagsins árið 2000 var haldinn í stjórnstöð Landsvirkjunar þann 28. apríl og var hann frekar illa sóttur. Ástæðan var eflaust sú að fundurinn var haldinn á föstudagskvöldi sem er augljóslega óheppilegur tími. Fundarstjóri var Bergur Jónsson og fundarritari Hannes Helgason. Þórður Guðmundsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum stjórnar og áherslum félagsins á komandi ári.

Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 1999 og áætlun stjórnar fyrir árið 2000. Hvort tveggja var samþykkt án athugasemda.

Kjörnefnd gerði grein fyrir tillögum um stjórnarkjör. Þá lagði kjörnefnd til að Þórður Guðmundsson yrði kosin formaður og Ólafur S. Björnsson og Örlygur Jónasson meðstjórnendur til tveggja ára. Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

Stjórn félagsins starfsárið 2000-2001 var því þannig skipuð eftir að stjórnin hafði skipt með sér verkum á fyrsta fundi sínum:

Þórður Guðmundsson, formaður  
Örlygur Jónasson, varaformaður  
Ólafur S Björnsson, gjaldkeri  
Hannes Helgason, ritari  
Ferdinand Alfreðsson, meðstjórnandi  
Eiríkur Bogason, meðstjórnandi  
Jens Þórisson, meðstjórnandi

Endurskoðendur fyrir starfsárið 1999-2000 voru kjörnir samkvæmt tillögu kjörnefndar:

Eiríkur Briem,  
Hreinn Jónasson,  
Ólafur J Sigurðsson, til vara

Kjörnefndarmenn á starfsárinu 2000-2001 voru:

Egill Skúli Ingibergsson, formaður  
Víðir Kristjánsson  
Þorvalur Finnbogason

Á aðalfundinum flutti Petter Hauge, framkvæmdastjóri Ljuskultur í Noregi erindi um nýtt nám fyrir lýsingahönnuði og hét fyrirlesturinn; Utdanning av belysningsplanleggere i Norge - Økte krav fra myndighetene. Var fyrirlestur Petters hin áhugaverðasti enda málefnið mikilvægt. Er stefnt að því að fá fleiri forsvarsmenn norrænu ljóstækni félagana til að halda erindi á fundum í félaginu okkar og hafa þeir tekið vel í það.

### **FRÆÐSLUFUNDIR**

Einn fræðslufundur var haldinn 23. mars 2001 og var mæting með besta móti, en fundurinn var í stjórnstöð Landsvirkjunar. Aðalefni fundarins var kynning á lýsingarhugbúnaði sem samtök danskra lampaframleiðenda hafa látið gera. Arne Thorsted frá Philips Lys í Danmörku kynnti hugbúnaðinn sem er mjög einfaldur og er hægt að sækja upplýsingar frá öllum helstu lampaframleiðendum inn í gagnagrunn forritsins.

### **STJÓRNARFUNDIR**

Á starfsárinu voru haldnir 5 fundir og voru þeir allir haldnir í húsakynnum Landsvirkjunar.

Ákveðið var að veitt yrði viðurkenning fyrir áhugaverða lýsingu á árinu 2002 og eru félagar hvattir til að koma með tillögur um áhugaverð verk á þessu sviði. Verða áhugaverð lýsingarkerfi skoðuð í haust. Verður stuðst við norrænu reglurnar sem samþykktar voru nýlega um val á lýsingu og er reiknað með að besta íslenska lýsingin verði tilnefnd til norrænu ljóstækni-verðlaunanna.

Töluverður tími fór í umræðu um Lux Europa og mun Egill Skúli gera sérstaklega grein fyrir því hér á eftir.

Ég vil biðja fundarmenn að hjálpa til við að gera starfseminu virkari með því að skrifa niður eitt málefni eða fleirri sem þeir telja að félagið ætti að beina kröftum sínum að. Slíkar vísbendingar um það sem félagsmenn telja mikilvægt geta hjálpað stjórninni í þeirri viðleitni sinni að standa sig sem best.

### **SKRIFSTOFUHALD**

Formaður gegndi starfi framkvæmdastjóra þar sem ekki er fjárhagslegur möguleiki á því að ráða fastan starfskraft í starfið. Félagsmenn geta snúið sér til formanns í síma 5159076 / 8935621, fax 5159002 eða rafpóst [thordur@lv.is](mailto:thordur@lv.is). eða til Lindu Bogadóttur [linda@lv.is](mailto:linda@lv.is). Má öllum vera ljóst að starfsemin geldur þess að ekki sé unnt að sinna stjórn félagsins af krafti.

Linda Bogadóttir, ritari hjá Landsvirkjun hefur verið í hálfu starfi við að annast skrifstofuhald og bréfaskriftir, einkum vegna Lux Europa í samvinnu við Egil Skúla Ingibergsson sem er formaður undirbúningsnefndar Lux Europa og hefur í því hlutverki unnið mjög gott starf. Egill Skúli mun gera grein fyrir LuxEuropa ráðstefnunni hér á eftir.

Guðni Gíslason sér um félagaskrána og annast ýmis tilfallandi mál í samvinnu við stjórn. Geta félagsmenn snúið sér til Guðna varðandi upplýsingar um starfsemina þar sem Guðni annast heimasíðu félagsins og umsjón með fréttatengdum málum er lúta að starfsemi Ljóstæknifélagsins. Guðni hefur unnið frábært starf fyrir félagið og færi ég honum bestu þakkir fyrir framlag hans til starfseminnar. Sími Guðna er 5654513 / 8964613 og tölvupóstur honnunarhusid@simnet.is.

## **ERLENT SAMSTARF**

### **LUXEUROPA**

Árið 1997 sóttu Gísli Jónsson, Egill Skúli Ingibergsson og Guðjón L Sigurðsson LUX EUROPA ráðstefnuna í Amsterdam. Á þeim fundi bauð formaður Ljóstæknifélags Íslands til næstu Lux Europa ráðstefnu á Íslandi, en hún verður haldinn 18.-20. júní árið 2001. Hefur mikið verið unnið að þessu verkefni og hefur skrifstofan sent út um 1000 bréf til aðila víða um heim sem tengjast ljóstæknimálefnum.

Egill Skúli Ingibergsson, er í forsæti Lux Europa og hefur hann tekið að sér fyrir hönd Ljóstæknifélagsins að annast undirbúning ráðstefnunnar sem verður mikil í sniðum og krefst hún mikils undirbúnings af hálfu félagsins. Egill Skúli sótti 3 fundi vegna undirbúnings ráðstefnunnar í Varsjá, Frankfurt og Bukarest. Ólafur Grétar Guðmundsson fór einnig með Agli til Varsjá og Frankfurt. Mun Egill Skúli gera grein fyrir ráðstefnunni hér á eftir en meginefni hennar verður LIFE, LIGHT and the ENVIRONMENT.

Hefur verið samið við Ferðaskrifstofu Íslands um að annast skipulag ráðstefnuhaldsins.

### **NORDLYS**

Formaður sótti fund Nordlys í Helsinki 26. september síðastliðinn. Á fundinum var einkum rætt um samstarf Norðurlandanna innan Nordlys og virðist mikill áhugi almennt meðal frændþjóða okkar að halda þessu samstarfi gangandi og styrkja það frekar en hitt. Töluvert var rætt um að bjóða Eystrasaltslöndunum þátttöku í samstarfinu og bendir margt til þess að þau muni gerast meðlimir á næstu árum. Í framhaldi af því varð umræða um það hvort ástæða væri til að taka upp ensku á fundum í stað norrænu málanna og var ákveðið að halda sig við norrænu málin.

Ljóst er að Íslendingar hafa takmarkaða möguleika að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á tveimur vettvöngum samtímis og er því ástæða til þess að umræða fari fram innan félagsins okkar hvort við ætlum að leggja meiri áherslu á hið norræna samstarf innan Nordlys eða hið alþjóðlega innan CIE og Lux Europa.

Töluverðar umræður urðu um breyttar áherslur í menntun á ljóstæknisviði í Noregi og þá vinnu sem Lyskultúr hefur staðið fyrir. Vakti þetta starf Lyskultúr mikinn áhuga meðal fundarmanna og var rætt um að útfæra það nánar í norrænu samstarfi. Norrænu samtökin samþykktu að setja vinnuhóp í gang til að fjalla um þessi mál, en mér vitandi hefur ekkert gerst ennþá.

## **NORDISK BELYSINGSKONGRESS 2000 Í FINNLANDI**

Fimm félagsmenn fóru á Nordisk Belysningskongress sem haldin var í Finnlandi 13. - 15. september, 2000 í Marina Congress Center í Helsinki. Ráðstefnan tókst vel, en þar var fjallað um þróun lýsingar, rannsóknir og þróun, tækni, gæði ljósgjafa, staðla, áhrif lýsingar á menn og umhverfi. Ráðstefnan var hin áhugaverðasta.

Næst verður Nordisk Belysningskongress haldin á Íslandi árið 2004.

## **NORDLYS RÁÐSTEFNAN Í ÁRHUS 30. - 31. MARS**

Norrænu ljóstæknisamböndin ákváðu árið 2000 að halda námstefnur annað hvert ár og verða þær kallaðar NordLys. Fyrsta námstefnan var haldin í Árhús í Danmörku 30. - 31. mars 2001, en verkefnið Árhús Á fékk fyrstu norrænu ljóstækniverðlaunin á Nordisk Belysningskongress í september á síðasta ári. Þetta er spennandi nýjung þar sem bjóða á upp á áhugaverða fyrirlestra og kynningar. Reiknað er með virkri þátttöku þátttakenda. Guðni Gíslason, einn þeirra sem fóru á námstefnuna mun segja okkur hér á eftir frá því helsta sem fyrir augu bar.

## **HEIMASÍÐAN**

Guðni Gíslason hefur annast heimasíðuna okkar og hefur honum farist það vel úr hendi. Er ætlun okkar að gera hana að öflugri upplýsingamiðli í framtíðinni, en hana má nálgast á **www.centrum.is/lfi**. Helstu breytingar eru fréttasíður, ýmsar upplýsingar um félagið, Lux Europa, tímaritið Ljós, fréttir af starfsemi, félagatal með pósthöfundum, tengingar við áhugaverðar heimasíður og fyrirhugaðar ráðstefnur víða um heim. Aðilar frá 40 löndum hafa farið inn á heimasíðuna.

## **LJÓS**

Tímaritsið Ljós kom út í ágúst s.l. og var óvenju stórt, 40 síður og var því dreift til félagsmanna, arkitekta, verk- og tæknifræðinga, ýmissa fyrirtækja, bæjarfélaga og bókasafna. Stefnt er að útgáfu nýs blaðs fljótlega. Ekki hefur gengið nægjanlega vel að safna greinum til birtingar, en vonast er eftir því að samstarf norrænu blaðanna munu koma okkur að miklu gagni í þessum efnum, en þessi mál hafa verið töluvert rædd innan norrænu samtakana á starfsárinu. Sérstaklega er sænsku samtökin áhugasöm um samstarf af þessu tagi. Sem fyrr er ástæða til að hvetja félagið að vera vakandi fyrir greinum sem gætu átt erindi í útgáfu á vegum félagsins. Rétt er að benda á Ljós kemur út í 1500 eintökum en rit sænsku samtakanna kemur út í 2700 eintökum. Það er Hönnunarsíðan sem gefur blaðið út í samvinnu við Ljóstækni-félagið og er ritstjóri blaðsins Guðni Gíslason, innanhússarkitekt,

## **FÉLAGAR**

Í lok ársins 2000 voru félagar alls 150. 1 heiðursfélagi, 40 fyrirtæki og stofnanir og 109 einstaklingar. Tveir félagar létust á árinu, 3 hættu og eitt fyrirtæki en 11 félagar bættust við og eitt fyrirtæki.

## **NEFNIR**

Skipan nefnda er óbreytt frá fyrra ári.

Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum öllum fyrir ánægjulegt samstarf og Samorku fyrir að lána okkur þessi húsarkynni og bjóða upp á veitingarnar sem verða á boðstólum í fundarlok.

Fyrir hönd stjórnar

Þ ó r ð u r G u ð m u n d s s o n